



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Til hagsmunaaðila:

Reykjavík, 15. október 2018

Tilv.: 1807005

Varðar: Kaup Árvakurs hf. og 365 miðla hf. á Póstmiðstöðinni ehf. – umsagnarbeiðni vegna framlagðra tillagna að skilyrðum

I.

Samkeppniseftirlitið hefur haft til skoðunar kaup Árvakurs hf. og 365 miðla hf. á Póstmiðstöðinni ehf. Samrunatilkynning vegna samrunans barst þann 13. júlí 2018. Í samrunaskrá kom fram að samrunaaðilar væru reiðubúnir til þess að tryggja aðgang þriðju aðila að dreifikerfi Póstmiðstöðvarinnar og ræða með hvað hætti slíkur aðgangur yrði tryggður. Samkeppniseftirlitið aflaði umsagna og gagna vegna samrunans og í kjölfar þeirrar rannsóknar hefur eftirlitið átt viðræður við samrunaaðila þar sem eftirlitið hefur kynnt frummat sitt vegna samrunans og gefið samrunaaðilum færi á því að leggja til skilyrði sem myndu leysa þau samkeppnislegu vandkvæði sem annars leiða af samrunanum. Bárust hjálagðar tillögur samrunaaðila að skilyrðum sem unnt væri að setja samrunanum þann 12. október 2018.

Með bréfi þessu óskar Samkeppniseftirlitið umsagnar hagsmunaaðila um framlagða tillögu samrunaaðila að skilyrðum. Hér að neðan er gerð nánari grein fyrir eðli samrunans og aðilum hans, frummati Samkeppniseftirlitsins og framlögðum skilyrðum. Áréttað skal að Samkeppniseftirlitið hefur ekki tekið afstöðu til framlagðra tillagna samrunaaðila.

II.

Árvakur er útgáfufélag Morgunblaðsins og rekur jafnframt vefmiðilinn mbl.is útvarpsstöðina K100 og aðra fjölmiðla. Landsprent ehf. er dótturfélag Árvakurs sem rekur sérhæfða blaðaprentmiðju sem býður upp á bæði prentun og dreifingu, m.a. á kynningar- og auglýsingaefni. Þá er Edda útgáfa ehf. jafnframt dótturfélag Árvakurs.

365 miðlar eru eigandi Torgs ehf. sem er útgáfufélag Fréttablaðsins en rekur jafnframt vefmiðilinn Frettabladid.is, tímaritið Glamour og vefsíðuna Iceland Magazine.

Póstmiðstöðin er einkahlutafélag sem sérhæfir sig í dreifingu á bókum, blöðum, vörum og öðru efni. Dreifing dagblaða hjá Póstmiðstöðinni hefur farið fram í gegnum dótturfélagið Póstdreifingu ehf. Póstdreifing hefur undanfarin ár dreift Fréttablaðinu til lesenda ásamt ýmsum öðrum blöðum og auglýsinga- og kynningarefni.



Í kjölfar samrunans hyggjast samrunaaðilar sameina dreifingarstarfsemi Árvakurs (Landsprents) og Póstmiðstöðvarinnar undir merkjum síðarnefnda félagsins sem verður í sameiginlegri eigu Árvakurs og 365 miðla.

III.

Á þessu stigi rannsóknarinnar er frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn komi, að óbreyttu, til með að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Er það einkum vegna þess að samruninn leiðir til þess að keppinautum á markaði fyrir dreifingu á dagblöðum fækkar úr tveimur í einn, þ.e. svokölluð einokunarstaða myndast. Þá er jafnframt ljóst að staða Póstmiðstöðvarinnar mun verða sterk í dreifingu á fjölpósti og tímaritum en Íslandspóstur starfar jafnframt á því sviði. Á hinn bóginn kann samruninn að vera rekstrarlega mikilvægur þar sem í honum felist hagræðing hagræðing í kostnaðarsömu dreifikerfi sem búi við erfið rekstrarskilyrði. Þá er á er því haldið fram að eftir muni standa sterkara dreifikerfi sem muni vera í stakk búið að þjóna viðskiptavinum sínum.

Samkvæmt framangreindu hefur Samkeppniseftirlitið kynnt samrunaaðilum það frummat sitt að nauðsynlegt sé að setja samrunanum skilyrði sem leysi tiltekin samkeppnisleg vandamál sem leiða af honum. Þær hættur sem mögulega leiða af samrunanum eru einkum eftirfarandi að frummati eftirlitsins:

- Hætta á því að vegna samrekstrarins minnki sjálfstæði Morgunblaðsins og Fréttablaðsins sem keppinauta og fjölmiðla.
- Hætta á því að trúnaðarupplýsingar um rekstur Morgunblaðsins og Fréttablaðsins berist á milli fyrirtækjanna fyrir tilstuðlan sameiginlegs eignarhalds á Póstmiðstöðinni.
- Hætta á því að aðgangur minni dagblaða og tímarita að dreifingu skerðist.
- Hætta á því að næg afkastageta verði ekki til staðar til að auka dreifingu núverandi keppinauta og/eða hefja dreifingu á nýjum miðlum.
- Hætta á því að keppinautum á dagblaðamarkaði og tengdum mörkuðum verði mismunað í verði og gæðum þjónustu.
- Hætta á því að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um keppinauta samrunaaðila berist til þeirra í gegnum eignarhald og rekstur Póstmiðstöðvarinnar.
- Hætta á því að prentun dagblaða og dreifing verði tvinnuð saman með hætti sem skaðar samkeppni.

IV.

Líkt og kom fram hafa samrunaaðilar lagt fram hjálagða tillögu að skilyrðum sem að mati þeirra leysir þau samkeppnislegu vandamál sem annars myndu leiða af samrunanum og er lýst hér að framan. Samkvæmt samkeppnislögum er það forsenda sáttarviðræðna að frumkvæði að þeim komi frá samrunaaðilum. Auk þess er það forsenda þess að unnt sé að fallast á tillögu að sátt vegna samruna að skilyrðin leysi með fullnægjandi hætti þau samkeppnislegu vandamál sem annars leiða af honum.¹

¹ Sjá t.d. úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 18/2001, *Mjólkurfélag Reykjavíkur svf.*, *Lýsi hf. og Fóðurblandan hf. gegn samkeppnisráði* og nr. 6/2006, *DAC ehf. og Lyfjaver ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Einnig er rétt að hafa hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnar ESB um skilyrði í samrunamálum, <https://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:C:2008:267:0001:0027:EN:PDF>.



Tillaga samrunaaðila er sett fram í fjórum greinum. Samkvæmt fyrstu grein leggja samrunaaðilar til að óheimilt verði að neita þriðju aðilum um viðskipti við Póstmiðstöðina, nema málefnalegar ástæður séu fyrir slíkri neitun. Þá er lagt til að svokölluð samvinnun á þjónustu Póstmiðstöðvarinnar og eigenda verði óheimil. Í því felst sem dæmi að óheimilt verði að gera það að skilyrði að viðskiptamenn kaupri bæði dreifingu hjá Póstmiðstöðinni og prentun hjá Landsprenti prentsmiðju Árvakurs.

Samkvæmt annarri grein er kveðið á um að Póstmiðstöðin skuli tvisvar á ári gefa út gjaldskrá fyrir dreifingu á blöðum og öðru prentefni sem skuli gilda í viðskiptum bæði eigenda og annarra aðila við fyrirtækið. Þá sé Póstmiðstöðinni óheimilt að ívilna eigendum sínum umfram aðra viðskiptamenn, nema sem leiðir af stærð og hagræðingu dreifingar.

Í þriðju grein er kveðið á um sjálfstæði framkvæmdastjóra Póstmiðstöðvarinnar í störfum og gagnvart eigendum fyrirtækisins. Þá er kveðið á um bann við miðlun mikilvægra viðskiptaupplýsinga um viðskiptamenn Póstmiðstöðvarinnar til eigenda, þ.e. Árvakurs og 365 miðla.

Í fjórðu grein er kveðið á um að brot gegn skilyrðunum varði viðurlögum samkvæmt samkeppnislögum.

V.

Með bréfi þessu leitar Samkeppniseftirlitið nú sjónarmiða hagsmunaaðila. Þannig leitar eftirlitið eftir sjónarmiðum um möguleg áhrif samrunans samkvæmt kafla III hér að framan, sem og sjónarmiðum um þær tillögur sem samrunaaðilar hafa sett fram í málinu, sbr. kafla IV. Með frétt á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins verður samhliða kallað eftir sjónarmiðum allra sem vilja láta málið sig varða.

Samkvæmt samkeppnislögum ber Samkeppniseftirlitinu að ljúka rannsókn samrunamála innan tiltekinna tímafresta. Af þeim sökum er nauðsynlegt að öflun umsagna gangi greiðlega fyrir sig. Sé þess óskað að koma að athugasemdum vegna meðfylgjandi tillagna samrunaaðila að skilyrðum skal hún berast eigi síðar en **22. október nk.** með bréfpósti eða á netfangið magnus@samkeppni.is.

Innihaldi umsögnin trúnaðarupplýsingar er mikilvægt að slíkt komi fram og að Samkeppniseftirlitinu berist einnig eintak af umsögninni án trúnaðarupplýsinga, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið


Magnús Þór Kristjánsson

Hjálagt: Tillögur samrunaaðila að skilyrðum vegna samrunans frá 12. október 2018.